

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 191/2012

2013/EES/6/01

frá 26. október 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2012 frá 1. mars 2012 um breytingu á viðaukum B, C og D við tilskipun ráðsins 90/429/EBE að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur viðvíkjandi öldusótt og Aujeszzkys-veiki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/396/ESB frá 4. júlí 2011 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofu í Japan til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) í hluta 4.1 og í 7. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) í hluta 8.1:

„– **32012 R 0176**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2012 frá 1. mars 2012 (Stjtíð. ESB L 61, 2.3.2012, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 96. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/91/ESB) í hluta 4.2:

„97. **32011 D 0396**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/396/ESB frá 4. júlí 2011 um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofu í Japan til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaeði (Stjtíð. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 51).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 61, 2.3.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 176, 5.7.2011, bls. 51.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 176/2012 og ákvörðunar 2011/396/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.